

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálmm Egilsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi fiskeldisstöðva og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verði stytur þannig að lögini falli úr gildi 1. júlí á þessu ári. Er frumvarpið lagt fram í kjölfar þess að skylda til greiðslu í sjóðinn var felld niður samhliða upptöku veiðigjalds, sbr. lög nr. 51/2004. Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsóknna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögnum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsóknna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsóknna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Þá leggur meiri hlutinn til að lögini falli úr gildi 1. október 2005 í stað 1. júlí til að tryggja sé að nægilegur tími gefist til að ljúka uppgjöri sjóðsins.

Í samræmi við framangreint leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögini gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsóknna.

Alþingi, 17. mars 2005.

Guðjón Hjörleifsson,
form., frsm.

Einar K. Guðfinnsson.

Guðmundur Hallvarðsson.

Magnús Stefánsson.

Birkir J. Jónsson.